

Fundargerð 27. vinnufundar sveitarstjórnar Flóahrepps.

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Fimmtudagur 5. Febrúar 2015
Fundartími: 18.00-19.30.
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Elín Höskuldsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Svanhvít Hermannsdóttir

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tövu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Dagskrá:

1. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Farið yfir tillögur sem fram koma í drögum að stefnunni og rætt hvort Flóahreppur muni gera athugasemdir. Farið var yfir drögin að stefnunni og einnig ræddir punktar sem lagðir voru fram á fundinum. Settar voru á blað athugasemdir sem sendar verða til Gísla Gíslasonar í Steinsholti, sem hefur verið fenginn til að setja þessar athugasemdir í viðeigandi form, áður er þær verða sendar. Stefnt er að vinnufundi 11. Febrúar kl. 19.00, þar sem Gísli Gíslason kemur á fundinn og gengið verður frá athugasemdunum. Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.30.

Árni Eiríksson
Margrét Jónsdóttir
Svanhvít Hermannsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir

1. Skipulag á miðhálandi Íslands

Tillögur landskipulagsstefnu

Punktar

1.1.2	Höfum áhyggjur af því að bændur tapi beitarrétti af miðhálandinu. Í kafla 1.1.2 (bls. 10) segir: „Áhersla landsskipulagsstefnu á sjálfbæra gróðurframvindu á miðhálandinu verði m.a. útfærð með ákvæðum í aðalskipulagi um beitarsvæði í samráði við bændur og Landgræðslu ríkisins.“ Seinna í þessum lið segir: „Skipulags ákvarðanir um beit og landgræðslu byggi á héraðsáætlunum Landgræðslu ríkisins.“ Okkar mat að þarf að vera í seinni greininni í samráði við bændur.
-------	--

2. Skipulag í dreifbýli

Tillögur landskipulagsstefnu

Punktar

2.1.1	þarf að vanda orðalag. Varað er við því að skipulagsvald sveitarfélags verði skert. Teljum nauðsynlegt að leyfð verði byggð eins og leyft er í núverandi aðalskipulagi Flóahrepps.
2.2.1, 2.2.2 og 2.3.2	Fögnum því að landbúnaðarland verði flokkað eftir gæðum en reikna má með því að það flokkist misjafnlega. Ástæðulaust er að skerða frelsi landeiganda til nýtingar á því landi sem telst ekki gott ræktunarland svo sem til t.d. byggingar og skógræktar. þarf að vanda orðalag. Fögnum áherslum í kafla 2.2.2 um náttúru, menningararf og heilnæmt umhverfi.

Að öðru leiti tókum við undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026.